

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Deiliskipulag Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 17. mars 2026 tillögu að deiliskipulagi fyrir Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal, allt að 5 MW vatnsaflsvirkjun með 118 m fallhæð.

Deiliskipulagið nær yfir um 58 ha svæði í Þorvaldsdal og tekur m.a. til stíflu, aðrennslispípu, stöðvarhúss, þjónustuvegar og efnistökusvæðis. Lóðir eru afmarkaðar og byggingarreitir innan þeirra, ásamt því að sýnd er möguleg staðsetning stöðvarhúss og stíflu auk bílastæða. Þá er jafnframt sýnd staðsetning efnistökusvæða, lagnaleiða og skurða.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 40.-42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi. Um leið fellur auglýsing sama efnis nr. 542/2026 úr gildi.

Dalvík, 8. júní 2026.

F.h. Dalvíkurbyggðar,
María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 10. júní 2026